

## Fertugasti og níundi fundur stjórnar Fræðslusjóðs

5. janúar 2016 kl. 09.30-11.00

í Skipholti 50 b, III. hæð

**Mæting:** Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Halldór Grönvold, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Garðar Hilmarsson, Jón Fannar Kolbeinsson og Sólveig B. Gunnarsdóttir. Ársæll Guðmundsson mætti við umræður um lið 3. Fjóla Jónsdóttir og Guðrún Eyjólfssdóttir boðuðu forföll. Boðaðir varamenn komust ekki.

Frá FA sátu fundinn: Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir og Björn Garðarsson, sem ritar fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð var samþykkt.

#### 2. Niðurstaða fjárlaga – ákvörðun um framlög

Endanlegt framlag til Fræðslusjóðs lækkar um 12,2 milljónir frá því sem kom fram í fjárlagafrumvarpinu. Heildarframlag til sjóðsins samkv. fjárlögum er 786.400.000. Fyrir liggur að úthlutun til ársins 2016 hafði verið samþykkt með fyrirvara um niðurstöðu fjárlaga og því nauðsynlegt að endurskoða úthlutunina. Tillaga var gerð um að skerðingin væri tekin af fjármagni til vottaðra námsleiða.

Eftir umræður var lagt til að framlag til þróunar- og nýsköpunarverkefna yrði 35 milljónir (lækkun um 5 milljónir), en lækkun fjármagns til vottaðra námsleiða yrði mismunurinn eða um það bil 7,2 milljónir. Tillagan var samþykkt. Starfsmönnum FA var falið að reikna úthlutun út með sama hætti og áður. Starfsmenn FA fá heimild til að ráðstafa eftirstöðvum til vottaðra námsleiða þannig að ljúka megi heilum námsleiðum

#### 3. Verðlag og kostnaðarpátttaka í vottuðum námsleiðum

##### a. Almenn hækkun verðlags

Samkvæmt upplýsingum frá MRN byggir fjárlagafrumvarpið 2016 á hækkun verðlags um 4,5%. Fyrir lá tillaga frá síðasta stjórnarfundi um hækkun vottaðra námsleiða um 5,7%.

Eftir umræður um launahækkunar á næsta ári og upplýsingar frá fræðsluaðilum um stöðuna var samþykkt að hækka framlag til vottaðra námsleiða um 5,7% gegn því að farið verði í vinnu með fræðsluaðilum við að auka gegnsæi og móta verklag og samræma aðferðir við greiningu kostnaðar við framkvæmd.

##### b. Kostnaðarpátttaka Fræðslusjóðs í námsleiðum – tillaga frá KVASI

Tillaga KVASIS gerir ráð fyrir að framlag sé greitt vegna þátttakenda miðað við 30% mætingu. Í dag miðast námslok og greiðslur við 80% mætingu, en þó aldrei lægra en 80% af framlagi skv. verðlista. Samþykkt að ræða málið við fræðsluaðila á samráðsfundi og er vísað til fundargerðar síðasta fundar í því sambandi.

JEC HC  
JKS AG  
510-664

#### 4. Samráðsfundur með fræðsluaðilum

Tillaga að tímasetningu samráðsfundar er eftir hádegi 20. janúar 2016. Stjórnarmenn hafa áhuga á að sækja fundinn og er lagt til að fundurinn verði boðaður kl. 15:30. Staðsetning ákveðin síðar. Fram kom að hugsanlega er hægt að fá fundaraðstöðu hjá MRN eða í húsakynnum SA.

#### 5. Uppgjör á grundvelli menntunarstöðu og skráningar þeirra sem falla utan greiðslu

Samþykkt að uppgjör vegna ársins 2015 fari fram samkvæmt gildandi skilmálum, en þar kemur fram að markhópur skuli vera 80%, en heimilt að fólk með meiri menntun megi vera 20% af námsmannahópi. Stjórn Fræðslusjóðs fjallar um álitamál, sem upp kunna að koma í uppgjörinu.

#### 6. Úthlutunarnefnd vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna

Óskað er eftir tilnefningum fyrir næsta fund stjórnar Fræðslusjóðs. Rætt var um hugsanlega formennsku úthlutunarnefndar og um hlutverk og valdsvið formannsins og heimild hans til bréfaskrifta og túlkana fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs

#### 7. Næsti fundur

Athugað verði með nýjan fundartíma, þar sem einn stjórnarmaður er upptekinn fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Ákveðið að færa þá fundi sem búið er að boða á 2. þriðjudag hvers mánaðar kl. 9:30 – 11:00.

#### 8. Önnur mál

##### a. Verkefnabundið framlag til raunfærnimatsverkefna. Skil á fjármagni við verklok skv. skilmálum. Þarf ekki að setja inn tímamörk?

Hámarkstími verkefna verði 18 mánuðir og það sett inn í samninga í ár.

##### b. Greiðslur vegna fjölda námsmanna í námsleiðum, þar sem fjöldi námsmanna er minni en almennt gerist.

Samþykkt að greiðslur vegna færri og fleiri nemenda sem ljúka námi í námsleiðum, þar sem nemendafjöldi er minni en almenna reglan gerir ráð fyrir verði reiknaður sérstaklega. Þannig lækki framlag til námsleiðar ekki, sem kveður á um að námsmenn skuli verða 6-8, um 20% eða 10% samkvæmt almennu reglunni. Starfsmönnum FA var falið að útfæra þessa samþykkt.

##### c. Kvörtun frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða vegna uppgjörs á styrk úr Þróunarsjóði

Erindinu hafnað. Afgreiðsla úthlutunarnefndar var samþykkt.

##### d. Erindi frá Menntamálastofnun

Erindinu hafnað. Menntamálastofnun verði kynnt þessi niðurstaða með bréfi. FA var falið að kanna hvort námskráin hafi verið prufukeyrð á forsendum styrks úr þróunarsjóði á sínum tíma.

Gudni Þorgeirsson  
Halla Björnsdóttir  
Knutur Guðmundsson  
Jón Þorgerður  
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

set  
Gudni Þorgeirsson